

á hinum íslenzku skattalögum. Og eruð þjer beðnir samkvæmt 1855.
þessu að skýra hlutaðeigandi sýslumanni og beiðendum frá því, 30. apríl.
er þörf gjörist.

13. Opíð brjef, er lögleiðir á Íslandi opíð brjef 17. febrúar 1847, um borgun fyrir málaflutningsmenn við hæztarjett í þeim dómsmálum, sem þeir þar verja¹. 9. maí.

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vjer höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um lögleiðslu opins brjefs 17. febrúar 1847 um borgun fyrir málaflutningsmenn við hæztarjett í þeim dómsmálum, sem þeir þar verja, bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Rjettur sá, til málaflutningslauna, sem hin allra-hæzta tilskipun, dagsett 7. marz 1827, hefur veitt málaflutningsmönnum við hæztarjett Vorn í málum þeim, sem þeir sækja, skal eptirleiðis einnig ná til þeirra mála, sem þeir flytja sem sakarverjendur.

2. gr. Upphæð launa þessara skal ákveða bæði fyrir sækendur og verjendur eptir reglum þeim, sem tilteknar eru í 2. gr. ofan nefndrar tilskipunar, svo að rjettur sá til meiri launa, sem opíð brjef Vort, 3. marz 1844, heimilar sækendum í sumum málum, skal hjer eptir burtnuminn. Að öðru leyti skal 3. gr. í nefndri tilskipun einnig eiga við þau laun, sem dæmd eru málaflutningsmönnum við hæztarjett, þegar þeir verja þar mál.

3. gr. Ákvarðanirnar í konungsbrjefi 21. desember 1831 skulu eiga við þau málaflutningslaun, sem nú falla til eptir þessu opna brjefi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

¹) sbr. Alþingistiðindi 1853, bls. 1033.